



Nóvember 2014

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Hildur Björk Svavarsdóttir

Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Inngangur	4
Leikskólinn Fossakot	4
Greining.....	5
Það sem vel er gert.....	5
Tækifæri til umbóta	5

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Fossakoti sem fram fór í nóvember 2014. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviði, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í nóvember 2014 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 6.-14. nóvember. Matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun og starfsmannakönnun sem safnað var 11.-24. nóvember og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN FOSSAKOT

Leikskólinn Fossakot tók til starfa 18. september 1997 og er staðsettur við Fossaleyni 4, í Reykjavík.

Leikskólastjóri frá stofnun Fossakots er Guðríður Guðmundsdóttir en hún lét af störfum þegar kom að ytra mati leikskólans í nóvember 2014. Við starfinu tók Kristín Björk Viðarsdóttir.

Í leikskólanum eru þrjár deildir og voru 65 börn í vistun þar í nóvember 2014. Yngstu börnin eru á Krílakoti, þau næst yngstu á Stubbakoti og á Stórakoti eru börn frá 2-5 ára.

Það sem vel er gert

Í Fossakoti eru börnin almennt ánægð í daglegu starfi og ríkir virðing og samkennd milli þeirra. Starfsfólkið er samhent og ber umhyggju fyrir börnunum. Leikur barna fær nægan tíma í dagskipulagi leikskólans og í því er svigrúm til að mæta þörfum allra barna. Vel er haldið utan um sérstakan stuðning við börn og einnig unnið með þeim börnum sem mögulega þurfa stuðning þó greining liggji ekki fyrir. Foreldrar telja að börnum sínum líða vel í leikskólanum og eru í mörgum mikilvægum þáttum ánægðir með leikskólastarfið.

Tækifæri til umbóta

Stjórnun leikskólans er í mörgum mikilvægum þáttum ábótavant. Skýra þarf verkaskiptingu stjórnenda¹ og efla faglegt leiðtogahlutverk þeirra. Auka þarf þátttöku starfsfólks í stefnumótun og skólaþróun og móta skýra stefnu sem verði sýnileg í daglegu starfi. Kynna þarf mikilvæga verkferla fyrir starfsfólki og móta þá verkferla sem ekki eru til staðar Huga þarf að þáttum sem eflt geta starfsánægju og starfsgleði almennt í leikskólanum. Skipuleggja þarf aukna fræðslu og símenntun til starfsfólks og efla faglega endurgjöf á störf þeirra til þess að auðga daglegt starf með börnunum. Mikilvægt er að auka virka þátttöku og áhrif barna á viðfangsefni sín og finna leiðir til að meta framfarir þeirra á skipulagðan hátt. Skapa þarf fleiri aðstæður þar sem starfsfólk og börn ræða saman um daglegt líf, aðstæður og áhugamál. Bæta þarf ýmis atriði sem snerta aðbúnað og vellíðan barnanna. Koma þarf á virku innra mati sem unnið er í samstarfi við alla aðila leikskólasamfélagsins og vinna markvisst að umbótum í leikskólastarfinu.

¹Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.